

Laugardaginn 18. desember 1976.

Nr. 233/1976. **Ákærvaldið**

gegn

**Guðbjarti Þórði Pálssyni**

**Dómenður:**

**hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson,  
Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.**

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður ómerktur. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Hinn kærða úrskurður hefur kveðið upp Viðar Á. Olsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

#### **I.**

Með kæru 9. desember 1976 skaut verjandi varnaraðilja samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 máli þessu til Hæstaréttar. Hinn kærði úrskurður var birtur varnaraðilja hinn 7. s. m. kl. 1900. Samkvæmt bókun í þingbók benti dómariinn varnaraðilja á, „að hann gæti kært úrskurð þennan til Hæstaréttar“, en eigi sést af bókun, að hann hafi leiðbeint varnaraðilja um sólarhrings kærufrest samkvæmt 2. málsg. 174 gr. laga nr. 74/1974. Að beiðni varnaraðilja var nafngreindur hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi hans með bréfi dómara 8. þ. m., en samdægurs þaðst hæstaréttarlögmaðurinn undan starfanum vegna anna. Var Tómas Gunnarsson héraðsdómslögmaður skipaður verjandi að ósk varnaraðilja um kl. 1500 þennan dag, að sögn verjandans, er kveður sér hafa borist gögn málsins um kl. 1815 10. s. m. Með símskeyti, er barst bæjarfógetanum í Keflavík kl. 1015 9. s. m. samkvæmt áritun á því, kærði verjandiinn gæsluvarðhaldsúrskurðinn, sem um er fjallað í máli þessu. Eins og atvikum er háttað, verður að telja, að ákvæði 2. málsg. 174. gr. laga nr. 74/1974 standi því eigi í vegi, að kæran sé tekin til meðferðar í Hæstarétti.

Hæstarétti bærust gögn máls frá héraðsdómara síðdegis hinn 10. þ. m., en þó eigi svo úr garði gerð sem boðið er í

2. málsgr. 174. gr. laga nr. 74/1974. Gögn máls, afgreidd í lögmaeltu formi samkvæmt greindu ákvæði, bærust Hæstarétti 16. s. m. Greinargerð verjanda hafði borist Hæstarétti 13. s. m. Hæstarétti hefur eigi borist greinargerð frá ríkis-saksóknara.

## II.

Á hinum kærða úrskurði eru ýmsir annmarkar. Kæruefnun er svo lauslega lýst, að eigi er viðhlítandi. Kærur þær, sem greinir í úrskurðinum, eru eigi tímasettar og óglögg, frá hverjum þær stafa. Ekki er sérgreint nægilega, í hverju hin einstöku brot eru fólgin, þ. á m. er andlagi brota eigi lýst ljóslega, svo sem víxlum, er kærur lúta að, en einu kæruefninu er lýst svo, að varnaraðili er „sagður hafa átt þátt í verulegu fjármálamisferli í viðskiptum við verslun á Akureyri“. Tilvitnun til „tollalaga“ er og eigi svo glögg sem skyldi.

Hinn kærði úrskurður brýtur svo mjög í bága við fyrir-mæli 164. gr. laga nr. 74/1974, að óhjákvæmilegt þykir að ómerkja hann.

Kærumálskostnaðar hefur eigi verið krafist.

## D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

## S é r a t k v æ ð i

**Pórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.**

### I.

Um kæru máls þessa er vísað til I. kafla dóms meiri hluta Hæstaréttar.

### II.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Í greinargerð verjanda eru greind ýmis atriði, sem hann telur, að varða eigi ómerkingu úrskurðarins.

1. Verjandi bendir á, að hvorki komi fram í úrskurðinum, hvenær hann sé kveðinn upp, hvenær gæsluvarðhaldstími

hefjist né hvenær honum ljúki. Í úrskurðinum er þess ekki getið, hvenær hann var upp kveðinn, svo sem vera ber. Hins vegar er bókað í þingbók, að úrskurðurinn hafi verið lesinn fyrir varnaraðilja 7. þ. m. kl. 1900. Er með því markaður upphafstími gæsluvarðhaldsvistar hans. Jafnframt eru þá ákveðin lok hennar.

2. Verjandi telur, að kæruefnum sé ekki lýst með viðhlitandi hætti í hinum kærða úrskurði og brjóti það í bága við 164. gr. laga nr. 74/1974. Kæruefni þau, sem getið er í úrskurðinum, voru kynnt varnaraðilja í sakadómi Keflavíkur 7. þ. m. og leitað skýrslna hans um þau. Er kæruefnum lýst í stuttu máli í hinum kærða úrskurði, en þó með þeim hætti, að ekki orkar tvímælis fyrir varnaraðilja og verjanda hans, hver þau eru, enda hefur verjandi gert þeim ítarleg skil í greinargerð sinni hér fyrir dómi. Úrskurðurinn verður því ekki ómerktur af þessari ástæðu.

3. Verjandi bendir á, að ekki sé glögglega vitnað til refsí-  
ákvæða í hinum kærða úrskurði.

Ekki verður talið, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur vegna þessa.

### III.

Um efnisatriði er þessa að geta:

1. Í úrskurðinum er þess fyrst getið, að fram sé komin kæra um, að varnaraðili hafi dregið sér andvirði víxla. Kærandi er Hallgrímur Jóhannesson, fangi á Litla-Hrauni, og er kæran frá 16. nóvember 1976. Þann dag kom Haukur Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður í Keflavík í heimsókn til Hallgríms á vinnuhælið, og virðist kæran hafa verið rituð, meðan hann var í heimsókn þessari. Í kærinni eru nefndir víxlar, samtals að fjárhæð 1.200.000 krónur, og er varnaraðili sagður hafa „stolið andvirði“ þeirra. Varnaraðili var spurður um viðskipti sín við Hallgrím Jóhannesson, þegar hann gaf skýrslu í sakadómi Keflavíkur 7. þ. m. Hann neitaði að hafa dregið sér andvirði víxla frá Hallgrími. Að öðru leyti er frásögn varnaraðilja um viðskipti þeirra ruglingsleg og lítt skiljanleg, en í henni kemur fram, að þeir Hallgrímur hafa átt ýmiss konar viðskipti.

2. Í hinum kærða úrskurði er þessu næst um það getið, að varnaraðili hafi verið kærður fyrir að skila ekki andvirði víxils, sem hann hafi tekið við til sölu frá kaupmanni í Keflavík. Skjöl málsins bera með sér, að kæra þessi kom fram 11. nóvember 1974 og að 28. maí 1976 sendi sakadómur Reykjavíkur málið til bæjarfógetans í Keflavík. Var þess beiðst, að skýrsla yrði tekin af kaupmanninum og málið síðan sent ríkissaksóknara. Ekki sést af skjölum málsins, að þessi skýrsla hafi verið tekin og málið sent ríkissaksóknara. Varnaraðili var spurður um þetta atriði í sakadómi 7. þ. m., en ekki er ástæða til að rekja framburð hans.

3. Í hinum kærða úrskurði er þess getið í þriðja lagi, að varnaraðili hafi verið kærður fyrir að eiga hlut að misferli í viðskiptum við verslun á Akureyri. Meðal málsskjala er kæra frá 30. nóvember sl., undirrituð af prókúruhafa verslunarinnar og stíluð til Hauks Guðmundssonar. Í kærinni segir, að tilteknir menn, þar á meðal varnaraðili, hafi lofað að veita versluninni lán haustið 1975 að fjárhæð 1.500.000 krónur, fengið frá henni víxla að fjárhæð 2.000.000 króna og tryggingarbréf, en ekki greitt lánsféð þá, eins og um hafi verið samið, og aldrei að fullu. Ýmis fleiri gögn liggja fyrir um þetta mál, en um hlut Guðbjarts í því er margt óljóst. Þegar varnaraðili kom fyrir sakadóm 7. þ. m. viðurkenndi hann afskipti af málinu, en skýrsla hans um það er lítt skiljanleg.

4. Í hinum áfrýjaða úrskurði er loks nefnt, að varnaraðili hafi játað að eiga hlut að kaupum á um 15 lítrum af spíritus.

Ekki var heimilt að hefða frelsi varnaraðilja vegna 2. atriðis eða 4. atriðis, þar sem ekki verður séð, að það gæti orðið til að breyta neinu um rannsókn þeirra, hvort varnaraðili situr í gæsluvarðhaldi eða ekki. Kæra sú, sem 1. liður fiallar um, er marklítill, en skýrsla varnaraðilja um efni hennar er þannig, að rannsaka þarf kæruefnið betur. Kæra sú, sem getið er í 3. lið, veitir og tilefni til rannsókna. Verður að telja, að um bæði þessi atriði sé veruleg óvissa og að hugsanlegt sé, að aðrir menn séu í þessu sambandi viðriðnir lagabrot. Má ætla, að varnaraðili muni, ef hann hefur óskert frelsi, reyna

að torvelda rannsóknina með því að skjóta undan gögnum og hafa áhrif á vitni og samseka. Eg tel því, að staðfesta beri hinn kærða úrskurð.

### Úrskurður sakadóms Keflavíkur 7. desember 1976.

Í dag hafa verið lagðar fram í sakadómi Keflavíkur þrjár kærur á hendur Guðbjarti Pálssyni, Bragagötu 38 A, Reykjavík, þar sem hann er borinn þeim sökum að hafa orðið sér úti um fé með ólög-mætum hætti í viðskiptum. Er hann í einu tilfelli sagður hafa dregið sér andvirði víxla, sem hann átti að selja, en hann hafi síðan ekki staðið samþykkjanda þeirra skil á andvirðinu. Í öðru tilfelli er hann og sagður hafa vanrækt að standa skil á andvirði víxils, sem hann móttók til sölu úr hendi kaupmanns í Keflavík. Þá er Guðbjartur Pálsson og sagður hafa átt þátt í verulegu fjár-málamisferli í viðskiptum við verslun á Akureyri, ásamt fleirum, samkvæmt kæru, sem réttinum hefur borist þar um. Loks var lögð fyrir réttinn lögregluskýrsla, þar sem Guðbjartur játaði aðild að ætlaðri ólöglegri meðferð á ca 15 lítrum af spíra.

Framangreind sakaratriði voru borin undir Guðbjart í sakadómi í dag og honum gefinn kostur á að tjá sig um þau. Var fram-burður hans í verulegum atriðum ósamhljóða því, sem greinir í framangreindum kærum. Ýmsir þættir máls þessa eru mjög óljósir og þarfnast nánari rannsóknar. Ber í því efni ríka nauðsyn til að yfirheyra vitni og aðilja, sem um málin gætu borið og varpað á þau skýrara ljósi. Að áliti dómarans er mikil hætta á, að rann-sóknin torveldist og að sakargögn, þ. m. t. framburðir vitna, kynnu að spillast, ef Guðbjartur Pálsson hefði óskert frelsi, meðan þessi frumrannsókn stendur yfir. Ber því nauðsyn til með skír-skotun til 1. töluliðs 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að úrskurða Guðbjart Pálsson í gæsluvarðhald, á meðan á rannsókn máls þessa stendur, enda má ætla, að sakar-efni þau, sem hér að framan getur og á hann eru borin, gætu varðað hann refsingu eftir XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og tollalaga, ef sönnuð yrðu. Er 65. gr. stjórnarskrár-innar nr. 33/1944 úrskurði þessum eigi til fyrirstöðu. Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 20 dögum.

Því úrskurðast:

Guðbjartur Pálsson sæti gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.